

**Landgræðslusjóður**

**Ársreikningur 2021**

Landgræðslusjóður  
Þórunnartúni 6  
105 Reykjavík  
kt. 710169-1609  
Númer í sjóðskrá 1401

## Efnisyfirlit

**Bls.**

Áritun óháðs endurskoðanda .....	2
Skýrsla stjórnar .....	4
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Sjóðstreymi .....	7
Skýringar .....	8
Fylgiskjal nr. 1 .....	10

## Áritun óháðs endurskoðanda

---

### Til stjórnar Landgræðslusjóðs

#### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Landgræðslusjóðs fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, eiginfjáryfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2021, efnahag þess 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

#### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Landgræðslusjóði í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

#### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins er stjórn ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Landgræðslusjóðs. Ef við á, skal stjórn setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

#### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

## Áritun óháðs endurskoðanda

---

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Garðabæ, 10. febrúar 2022

**Endurskoðun og Ráðgjöf ehf.**

Rafrænt undirritað

Eymundur Sveinn Einarsson

Löggiltur endurskoðandi

## Skýrsla stjórnar

---

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og íslenskar reikningsskilavenjur.

### *Rekstur ársins 2021*

Hagnaður varð af rekstri sjóðsins á rekstrarárinu að fjárhæð 25,6 m.kr. Eigið fé í lok ársins var jákvætt um 452,6 m.kr. skv. efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á bókfærðu eigin fé.

### *Yfirlýsing stjórnar*

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu á árinu 2021, efnahag 31. desember 2021 og breytingu á eigin fé á árinu 2021 í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

Stjórn Landgræðslusjóðs staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Reykjavík, 10. febrúar 2022

Stjórn:

Rafrænt undirritað

Þuríður Yngvadóttir kt. 110652-4459 Reykjum 5, 271 Mosfellsbær

Rafrænt undirritað

Pröstur Eysteinnsson kt. 230855-5019 Höfða, 701 Egilsstaðir

Rafrænt undirritað

Lydía Rafnsdóttir kt. 291160-2129 Eiríksbúð, 356 Snæfellsbæ

Rafrænt undirritað

Árni Bragason kt. 150753-4229 Gunnarsholti, 851 Hella

Rafrænt undirritað

Jónatan Garðarsson kt. 080255-4469 Lóuási 2, 221 Hafnarfirði

## Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýr	2021	2020
<b>Rekstrartekjur</b>			
Styrkir og gjafir .....		438.107	5.500
Húsaleigutekjur .....		175.000	0
Tekjur af eignarhlutum .....		359.920	262.500
Bóksala .....		8.503	0
		<u>981.530</u>	<u>268.000</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Styrkveitingar skv. skipulagsskrá .....		10.450.000	6.830.000
Aðrar styrkveitingar .....		0	950.000
Kostnaður vegna fasteigna .....	5	1.079.207	1.052.326
Annar kostnaður .....	6	2.435.213	2.787.628
		<u>13.964.420</u>	<u>11.619.954</u>
<b>Tap ársins fyrir fjármagnsliði .....</b>		<u>(12.982.890)</u>	<u>(11.351.954)</u>
<b>Fjármagnsliðir</b>			
Tekjur af verðbréfum og hlutabréfum .....		33.809.854	3.654.463
Breyting á gengi hlutabréfa .....		11.851.049	7.164.796
Breyting á gengi verðbréfa .....		230.796	21.544.223
Fjármagnsgjöld .....		(147.129)	293.349
Greiddur fjármagnstekjuskattur .....		(7.183.983)	(436.378)
		<u>38.560.587</u>	<u>32.220.453</u>
<b>Hagnaður ársins .....</b>		<u><u>25.577.697</u></u>	<u><u>20.868.499</u></u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eignir	Skýr	2021	2020
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Fasteignir .....	2,7,8	51.507.500	50.464.500
		<u>51.507.500</u>	<u>50.464.500</u>
<b>Áhættufjármunir og langtímakröfur:</b>			
Eignarhlutir í félögum .....	9	42.942.823	35.798.093
Verðbréfaeign .....	9	350.520.903	326.245.255
		<u>393.463.726</u>	<u>362.043.348</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>444.971.226</u>	<u>412.507.848</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Aðrar skammtímakröfur .....		905.509	1.086.438
Handbært fé .....		7.484.097	13.125.663
		<u>8.389.606</u>	<u>14.212.101</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>453.360.833</u>	<u>426.719.950</u>

## Eigið fé og skuldir 31. desember 2021

Eigið fé og skuldir	Skýr	2021	2020
<b>Eigið fé</b>			
Eiginfjárreikningur .....	10	452.637.277	426.016.580
		<u>452.637.277</u>	<u>426.016.580</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Aðrar skammtímaskuldir .....		723.556	703.370
		<u>723.556</u>	<u>703.370</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>453.360.833</u>	<u>426.719.950</u>

## Sjóðstreymi 31. desember 2021

	Skýr	2021	2020
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Afkoma ársins .....	10	25.577.697	20.868.499
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Gengismunur verðbréfa .....		(12.081.845)	(28.709.019)
<b>Hreint veltufé frá rekstri</b>		<u>13.495.852</u>	<u>(7.840.520)</u>
<b>Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:</b>			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....		180.929	937.510
<b>Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:</b>			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....		20.186	371.058
		<u>201.115</u>	<u>1.308.568</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		13.696.967	(6.531.952)
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Verðbréf breyting .....		(19.338.533)	11.390.079
		<u>(19.338.533)</u>	<u>11.390.079</u>
<b>Breyting á handbæru fé</b>		(5.641.566)	4.858.127
Handbært fé í byrjun tímabils .....	5	13.125.663	8.267.536
<b>Handbært fé í árslok</b>		<u>7.484.097</u>	<u>13.125.663</u>



## Skýringar

### Reikningsskilaaðferðir

#### 1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

#### 2. Fastafjármunir

Fasteignir eru færðar til eignar á fasteignamati og er matsbreytingin færð yfir eigið fé. Afskriftir eru ekki reiknaðar.

#### 3. Verðbréfaeign

Sjóðurinn hefur gert samkomulag við Arion banka hf. um eignastýringu. Skráð verðbréf í eigu sjóðsins eru eignfærð á markaðsvirði í árslok. Skattur af fjármagnstekjum er gjaldfærður við greiðslu.

#### 4. Handbært fé

Bankainnistæður teljast til handbærs fjár.

### Sundurliðanir

#### 5. Kostnaður vegna fasteigna greinist þannig

	2021	2020
Aðstöðuleiga .....	60.000	100.000
Viðhald og rekstur húsnæðis .....	181.350	270.600
Fasteignagjöld .....	715.026	618.807
Tryggingar .....	122.831	62.919
	<u>1.079.207</u>	<u>1.052.326</u>

#### 6. Annar rekstrarkostnaður greinist þannig

	2021	2020
Laun .....	500.000	500.000
Launatengd gjöld .....	96.096	114.076
Sími, burðargjöld og skrifstofukostnaður .....	0	299.421
Ökutækjastyrkur .....	67.032	50.000
Eignastýringar- og fjárvörsluþóknun .....	714.800	668.465
Aðkeypt þjónusta .....	1.033.236	987.216
Annar kostnaður .....	24.049	168.450
	<u>2.435.213</u>	<u>2.787.628</u>

### Varanlegir rekstrarfjármunir

#### 7. Varanlegir rekstrarfjármunir og endurmat ársins 2021 greinist þannig:

	Húseignir Reykjavík	Hrísarkot Ingunnarstaðir	Langi-Botn	Samtals
Bókfært verð 1.1. ....	27.100.000	15.605.500	7.759.000	50.464.500
Breyting fasteignamats .....	675.000	0	368.000	1.043.000
Kostnaðarverð 31.12. ....	<u>27.775.000</u>	<u>15.605.500</u>	<u>8.127.000</u>	<u>51.507.500</u>

#### 8. Fasteignamat og váttryggingaverð

Varanlegir rekstrarfjármunir nema samtals 51,5 m.kr. í lok ársins 2021. Landgræðslusjóður vinnur að skiptingu á jörðinni Ingunnarstaðir og hefur beiðni verið send til Þjóðskrár um skilgreiningu lóða en niðurstöður þeirrar vinnu er að vænta á árinu 2022. Fasteignamat á Ingunnarstöðum liggur því ekki fyrir í lok árs 2021. Aðrar breytingar á varanlegum rekstrarfjármunum taka mið af breytingu á fasteignamati eins og það var birt af Þjóðskrá í lok árs 2021.

## Skýringar

### 9. Verðbréf

Verðbréfaeign greinast þannig:	2021	2020
Lán til Skógræktarfélags Íslands, óverðtryggt, 4% fastir vextir .....	28.531.797	29.531.797
Skráð verðbréf .....	<u>321.989.106</u>	<u>296.713.458</u>
Verðbréfaeign samtals 31.12. ....	<u>350.520.903</u>	<u>326.245.255</u>
Innlend hlutabréf .....	26.908.372	22.380.727
Erlend hlutabréf .....	<u>16.034.451</u>	<u>13.417.366</u>
Hlutabréf samtals 31.12. ....	<u>42.942.823</u>	<u>35.798.093</u>

### 10. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning	2021	2020
Eiginfjárreikningur í ársbyrjun .....	426.016.580	404.511.081
Endurmat fasteigna sbr. skýring 7 .....	1.043.000	637.000
Rekstrarniðurstaða ársins .....	<u>25.577.697</u>	<u>20.868.499</u>
Eiginfjárreikningur í árslok .....	<u>452.637.277</u>	<u>426.016.580</u>

### 11. Tengdir aðilar

Stjórn er skilgreind sem tengdir aðilar félagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila, þar með talið Skógræktarfélag Íslands.

Landgræðslusjóður hefur átt viðskipti við tengda aðila. Sjóðurinn lánaði Skógræktarfélagi Íslands 87,5 millj.kr. í árslok 2011. Lánið er til 25 ára, óverðtryggt og ber fasta 4% vexti.

### 12. Skuldbinding vegna fjármagnstekna

Skuldbinding vegna fjármagnstekna myndast vegna þess að verðbréfaeign sjóðsins er færð á markaðsverði en fjármagnstekjuskattur greiðist við innlausn verðbréfaanna sem nemur 22% af mismun söliverðs og stofnverðs. Skuldbindingin nam samtals 29,3 millj. kr. í árslok 2021.

### 13. Skuldbindingar utan efnahags - styrkloforð

Landgræðslusjóður hefur samþykkt að styrkja ýmis skógræktarfélög í landinu og nam heildarúthlutun samkvæmt skipulagsskrá 13,7 millj. kr árið 2021. Stefna Landgræðslusjóðs er að færa til gjalda styrki þegar þeir eru greiddir vegna óvissu um hvort styrkþegi komi til með að nýta sér þá, styrkirnir verða því gjaldfærðir og greiddir þegar styrkþegi hefur skilað inn til sjóðsins skriflegri greinargerð um framgang verkefnisins og kostnað. Gjaldfærð styrkveiting ársins 2021 nam 8,15 millj. kr. og 2,3 millj. kr. vegna eftirstöðva ársins 2020 og nam skuldbinding vegna styrkloforða í árslok 2021 samtals 5,3 millj. kr. Það fjármagn sem ekki var úthlutað af úthlutunarheimild sjóðsins árið 2021 er nýtt til áframhaldandi ávöxtunar í eignasafni.

### 14. Önnur mál

Á fylgiskjali 1 er yfirlit um rekstur og stöðu Fræbanka Landgræðslusjóðs á árinu 2021. Landgræðslusjóður hefur umsjón með rekstri Fræbanka, en hlutverk hans er að fjármagna kaup á trjáfræum til skógræktar. Í árslok námu eignir Fræbankans um 6,5 millj. kr., en þær eru ekki færðar í efnahagsreikningi Landgræðslusjóðs.

## Rekstrarreikningur ársins 2021

	2021	2020
<b>Úthlutanir</b>		
Úthlutun úr Fræbanka .....	0	0
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):</b>		
Vaxtatekjur .....	1.957	2.106
Breyting á gengi sjóða .....	749.237	464.725
Eignastýringarþóknun .....	(11.639)	(76.860)
Fjármagnstekjuskattur og bankakostnaður .....	(430)	(462)
	<u>739.125</u>	<u>389.509</u>
<b>Rekstrarniðurstaða ársins</b>	<u>739.125</u>	<u>389.509</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	2021	2020
<b>Eignir</b>		
Verðbréfaeign .....	6.460.367	5.720.055
Bankainnistæður .....	(962)	225
	<u>6.459.405</u>	<u>5.720.280</u>
<b>Eignir samtals</b>	<u>6.459.405</u>	<u>5.720.280</u>
<b>Eigið fé</b>		
Flutt frá fyrra ári .....	5.720.280	5.330.771
Rekstrarniðurstaða ársins .....	739.125	389.509
	<u>6.459.405</u>	<u>5.720.280</u>
<b>Eigið fé samtals</b>	<u>6.459.405</u>	<u>5.720.280</u>